

	Umhverfisstefna og umhverfisáætlun	
		Uppfært 03.09.2024

Framtíðarsýn

Umhverfisstefna Bergraf er sett fram til að leggja áherslu á að umhverfissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í daglegri starfsemi. Meginmarkmið er að Bergraf leggi sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar. Með umhverfisstefnunni skuldbindur Bergraf sig til að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar.

Umhverfisstefnan og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Bergraf til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi. Stefnan tekur til allrar starfsemi Bergraf.

Bergraf fylgir lögum og reglum um umhverfismál í starfsemi sinni. Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd stefnunnar og að hún sé kynnt starfsmönnum. Sérhver starfsmaður framfylgir umhverfisstefnunni og hefur hana að leiðarljósi í öllu starfi sínu. Umhverfisstefna samstæðunnar er sett fram til langs tíma en skal yfirfarin á tveggja ára fresti eða oftár ef þörf krefur.

Markmið

1. Efla umhverfisvitund starfsfólks og hvetja starfsmenn til að bera virðingu fyrir umhverfinu
2. Endurnýta og endurvinna það sem fellur til í rekstrinum og farga öðru á viðeigandi hátt
3. Orkunotkun verði haldið í lágmarki og leitast við að draga úr mengun
4. Innkaup fyrirtækisins taki mið af umhverfissjónarmiðum þar sem því verður við komið
5. Efla vistvænar samgöngur í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum

Umhverfisáætlun

Aðföng

1. Við innkaup skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Ef vörur eða þjónusta eru sambærilegar að öðru leyti ber að velja þann kost sem telst síður skaðlegur umhverfinu.
2. Draga úr notkun einnota aðfanga og óþarfa umbúða.

Rekstur og viðhald

1. Við rekstur og viðhald skal leitast við að velja vistvæna kosti hverju sinni.
2. Allur tölvu- og skrifstofubúnaður skal vera með viðeigandi umhverfis- og orkusparandi merkingar.

Nýting orkuauðlinda

1. Fara skal sparlega með vatn og orkuauðlindir, t.d. láta vatn ekki renna að óþörfu, slökkva á rafmagnstækjum og ljósum í lok vinnudags eða þegar ekki er nauðsynlegt að hafa kveikt.

	Umhverfisstefna og umhverfisáætlun	
		Uppfært 03.09.2024

Efnanotkun

1. Fara sparlega með efni og efnavörur.
2. Allar ræstivörur skulu vera merktar með viðurkenndu umhverfismerki, s.s. Norræna svaninum, Evrópublóminu eða Bra Miljöval.

Endurnýting og meðferð úrgangs

1. Flokka og ganga frá úrgangi í samræmi við flokkunarkerfi þjónustufyrirtækis.
2. Notast við rafræna skráningu og draga úr pappírnotkun.
3. Öllum spilliefnum skal fargað á viðeigandi hátt, s.s. rafhlöðum, prenthylkjum, ljósaperum og sterkum iðnaðarefnum.
4. Öllum öðrum úrgangi skal fargað á viðeigandi hátt.

Samgöngur

1. Leitast skal við að velja umhverfisvænar leiðir í samgöngum.
2. Leitast skal við að halda fjarfundi eftir því sem kostur er.
3. Við kaup á bifreiðum skal velja sparneytin og vistvæn ökutæki.

Umhverfisvísar og fræðsla

1. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um umhverfismál.